

HVAÐ ÁTTU VIÐ?

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins gegnir því hlutverki að vera vettvangur samstarfs og umræðu um fullorðins- og starfsmenntun. Þeir sem þar starfa finna þörf fyrir að hugtök sem notuð eru í umræðu um fræðslumál fullorðinna, séu skýrt skilgreind. Því höfum við fastan þátt í Ársritinu þar sem fjallað er um slík hugtök með það að markmiði að kveikja umræður og komast að samkomulagi um heppilega og samræmda notkun þeirra.

Þessari hugtakaumfjöllun þarf síðan að fylgja eftir með því að fá áhugasama til að tjá sig. Innan Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins er starfandi hópur sérfræðinga sem mun vinna að þessu málefni en auk þess eru allar ábendingar vel þegnar.

Í fyrsta tölublaði Gáttar hófum við umræðuna um merkingu hugtaka á sviði fullorðinsfræðslu. Að þessu sinni höfum við valið að setja fram skilgreiningar á nokkrum hugtökum sem eru notuð til að lýsa mismunandi námsfyrirkomulagi.

Í daglegu máli eru hugtök eins og starfsþjálfun, vinnustaðanám og starfsnám notuð á víxl og hafa í hugum flestra sömu eða svipaða merkingu.

Í námsskrám FA eru þessi hugtök notuð með eftirfarandi merkinu:

Hugtak:	Merking:
Skólanám	Skipulagt nám sem fram fer í námsumhverfi undir leiðsögn fagfólks í viðkomandi fagi/starfsgrein og/eða með kennslu. Unnið er eftir skilgreindum, mælanlegum markmiðum í námsskrá og árangur/framför eru metin m.t.t. markmiða námsins. Námið er ásetningur þátttakandans.
Verknám	Verklegt nám sem hluti af skólanámi.
Vinnustaðanám	Nám sem fram fer á vinnustöðum eða í tengslum við þá undir leiðsögn fagfólks og/eða reyndra aðila í starfsgreininni, svokallaðra starfsþjálfna. Námið er skipulagt í þeim skilningi að sett eru námsmarkmið, námstími er afmarkaður og stuðningur er veittur við námið. Vinnustaðanám er ásetningur af hálfu þátttakandans og eru árangur/framför metin og skráð.
Starfsnám/Starfsmenntun	Menntun og þjálfun sem hefur það markmið að fólk öðlist starfsfærni sem hægt er að nota í atvinnulífinu. Getur verið blanda af bóklegu námi, verklegu námi og vinnustaðanámi.
Starfsþjálfun/Starfsreynsla	Yfirheiti, öll sú reynsla, þjálfun og nám sem fram fer í atvinnulífinu, hvort sem um ásetning er að ræða eða ekki.